Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

23. tölublað Þriðjudagur 12. júní 1979 8. árgangur Verð kr. 150

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Fastir liðir eins og venjulega: Gengisfelling!




Kristján Ragnarsson: Útgerðin getur ekki borið olíuverðshækkunina......



Þorsteinn Pálsson: ....hvað þá aðrir atvinnurekendur...



Óskar Vigfússon: En sjómennirnir geta það..



Gvendur Jaki: .....að ekki sé talað um landverkafólk.

Nú stendur fyrir dyrum enn ein gengisfellingin. Gengissig dugar ekki lengur til að viðhalda gróða frystihúsaeigenda þrátt fyrir að fiskverð hafi nýverið hækkað verulega á bandaríkjamarkaði. Með hækkun fiskverðs á mánudaginn var útgerðinni gert kleift að velta olíuhækkuninni af sér og það án þess að forystumenn sjómanna gerðu annað en vera sammála.

Til þess að hækkunin lendi síðan ekki á frystihúsaeigendum er brugðið á það gamalkunna ráð sem allar ríkisstjórnir hafa beitt að fella gengið og velta þannig þessum hækkunum yfir á herðar launþeganna.

Slíkar eru allar "lausnir" stjórnvalda á "aðsteðjandi vanda", að láta launþega borga brúsann.

Í viðbót við þetta hafa stjórnvöld "lofað" útgerðarmönnum því að olía til fiskiskipa hækki ekki á því tímabili sem hið nýja fiskverð gildir, þ.e. til 1. sept.

Þessar ákvarðanir, þ.e. fiskverð, gengisfelling og niðurgreiðsla á olíu til útgerðar, eru til komnar vegna þess að útgerðarmenn hótuðu að sigla flotanum í land.

Þegar launþegar setja úrslitakosti er allt annað uppi á teningnum hjá ríkisstjórninni.

Sameining kennarasamtaka

Dagana 5.-7. júní var haldið þing Landssambands framhaldsskólakennara. Samtímis var haldið aukaþing Sambands grunnskólakennara.

Meginverkefni þessara þinga var að ræða sameiningu þessara samtaka og samþykkja drög að lögum nýs kennarasambands.

Þessi drög voru gerð af sameiningarnefnd sem starfað hefur í vetur. Drögin voru samþykkt af báðum þingunum og saþykkt að hið nýja kennarasamband héti Kennarasamband Íslands.

Jafnframt var ákveðið að nefndir störfuðu í vetur að undirbúningi fyrir stofnþing Kennarasambands Íslands sem halda á eftir ár.

Helsti ásteitingarsteinninn hefur verið um réttindalausa kennara. Samband grunnskólakennara hefur ekki viljað hleypa réttindalausum kennurum í samband sitt en LSFK hefur á hinn bóginn boðið öllum

framhald á síðu 3




Ísraelsmenn nota flísasprengjur

Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna hafa bent á, að samkvæmt skýrslu bandarískra sérfræðinga, sem rannsökuðu verksummerki eftir sprengjuárásir á stöðvar Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, hafi Ísraelsmenn í nýlegum árásum sínum notað vopn frá Bandaríkjunum, sem þeir hafi, þegar þau voru afhent, lofað að aðeins yrðu notuð í sjálfsvörn. Meðal þessara vopna voru flísasprengjur - sprengjur svipaðar hinni illræmdu "cluster"sprengju sem Ísraelsmenn notuðu í innrás sinni í Suður-Líbanon í fyrra, þá einnig þvert ofan í vopnakaupasamninga sína við Bandaríkin.

Eyðingarvopni þessu er skotið úr 175 og 155 mm, þungum stórskotaliðsbyssum. Sprengjan springur í loftinu nokkra metra frá yfirborði jarðar og dreifir þúsundum sprengjubrota yfir stórt svæði. Sprengja þessi, sem einnig hefur verið kölluð "sundrunarsprengja", er svokallað ó-eða andpersónulegt vopn, sem Bandaríkin hafa nýlega afhent til Ísrael. Mikil notkun Ísraelsmanna á þessari sprengju hefur m.a. beinst gegn líbönskum herfylkjum sem tengd eru herjum Sameinuðu þjóðanna og dreifð eru um Suður-Líbanon, auk þess að hafa verið notuð í beinum sprengjuárásum Ísraelsmanna á stöðvar Sameinuðu þjóðanna. Notkun sprengjunnar er brot á Genfarsamningunum og grundvallaratriðum alþjóðalaga, þar sem Sameinuðu þjóðirnar sjálfar eru orðnar fórnarlamb beins síonísks ofbeldis.

Óbreyttir borgarar, sérstaklega í flóttamannabúðunum Rashidyeh og Burj-al-Shemali, ásamt Rsa al-Ain, sunnan við Tyrus, Nabatiyeh, Kafar Tibnit og fleiri stöðum á því svæði sem herir Sameinuðu þjóðanna ráða, hafa orðið fórnarlömb þessa vopns. Varnarlaust fólk, aðallega gamalt fólk er situr úti við og nýtur sólarinnar og börn að leik á opnum leiksvæðum eru fórnarlömb flísasprengjanna.





Notkun flísasprengja og líkra vopna sem fyrst og fremst er beint gegn óbreyttum borgurum, var bönnuð með Genfarsamningunum. Þvert ofan í það eru þessi vopn í dag notuð af Ísraelsmönnum í Líbanon.

LEIÐARI

Þegar fámennir hópar stöðva atvinnureksturinn

Í verkfalli mjólkurfræðinga var þeim áróðri óspart beitt af hálfu atvinnurekenda að um væri að ræða fámennan hóp sem stöðvaði vinnu miklu fleiri manna. Sama var notað gegn farmönnum og meðal annars látið rökstyðja verkbann atvinnurekenda á undirmenn kaupskipa.

En svo bregður svo undarlega við að atvinnurekendur sem eru lítill minnihluti þjóðarinnar setja verkbann á þorra launþega. Mótmæli atvinnurekenda gegn fámennum hópum sem stöðva atvinnulíf hljóta þar með að beinast gegn þeim sjálfum. Við hljótum að mótmæla því kröftuglega þegar svo lítill minnihluti stöðvar vinnu þorra launþega.

Þessi áróður atvinnurekenda sem sumir svokallaðir verkalýðsforingjar taka undir er einungis settur fram til að kljúfa samstöðu launþega. Það er hins vegar réttur allra launþegahópa að leggja niður vinnu til að ná fram kröfum um bætt kjör.

Atvinnurekendur láta ekki þar við sitja að boða verkbann. Þeir hafa einnig lokað sumum fyrirtækjum.

Ríkisstjórnin hefur verið ónísk á að hóta verkafólki bráðabirgðalögum gegn verkföllum.

Maður hefði ætlað að ríkisstjórnin setti einnig atvinnurekendum kosti en því er ekki að heilsa. Þvert á móti. Ríkisstjórnin lætur undan sérhverri kröfu atvinnurekenda.

Beiðnir atvinnurekenda um hækkanir á vörum eru orðalítið teknar til greina. Viðskiptaráðherra er meira að segja hættur að láta þá ganga á eftir sér eins og hann reyndi síðastliðið haust við eigendur smjörlíkis- og gosdrykkjagerða.

Smásöluverslunin fékk hækkun á álagningarprósentu seint í vetur og heildsalar einhverju minni hækkun. Viðskiptaráðherra virðist vera búinn að gleyma upplýsingum verðlagsstjóra um viðskiptahætti heildsalanna.

Um leið og álagningarprósentan var hækkuð færði ríkisstjórnin verslunareigendum aðra gjöf, ekki minni. Eins og allir vita hefur verið ólöglegt að hækka verð á vörulager verslana til samræmis við verðhækkanir. Ríkisstjórnin hefur að vísu aldrei farið eftir þessum reglum og kaupmenn aðeins að litlu leyti. Nú er hins vegar orðið löglegt að hækka verð á vörulager um leið og varan hækkar í verði.

TIL UMRÆÐU TIL UMRÆÐU

Bóksala vinstrimanna

Nokkrar umræður hafa orðið manna á milli um bóksölu vinstrimanna. Nokkrar bókaverslanir hafa undanfarin ár verið reknar af vinstri samtökum. Báðar þessar verslanir hafa átt erfitt uppdráttar meðal annars vegna þess að markaðurinn fyrir þessar bækur er of lítill til þess að bera uppi tvær slíkar verslanir. Vafasamt má einnig telja að hann megni að bera uppi eina verslun.

Nú sem stendur starfar hvorug þessara verslana, báðar vegna húsnæðisskorts.

Leiguhúsnæðinu sem Rauða Stjarnan var í hefur nú verið ráðstafað til annara nota. Þess vegna hefur búðinni verið lokað um óákveðinn tíma.

Tilefni þessarar greinar er þó annað, sem sé að vekja athygli á því hvort ekki sé tímabært að vinna að stofnun bókabúðar vinstrimanna á miklu breiðari grundvelli heldur en verið hefur.

Slík bókabúð yrði rekin sameiginlega af einstaklingum annars vegar og samtökum og félögum á vinstrikantinum hins vegar. Samtök af ýmsu tagi koma þar til greina fyrir utan stjórnmálasamtök. Þar mætti nefna Samtök herstöðvaandstæðinga, Ljóðhús, Gagn og gaman, Lystræningjann o.s.frv.

Í slíkri verslun yrði allt útgáfuefni sem á einhvern hátt tengist vinstri hreyfingu, hljómplötur og fleira.

Þörfin fyrir slíkri verslun, sem í aðra röndina yrði nokkurs konar vettvangur, er brýn og þess vegna er þessu kastað fram til umræðu.

Úr Fréttabréfi verkalýðsfélaganna..

framhald af baksíðu

yfir sumarmánuðina í allri fisk og hafnarvinnu. Með lengingu vinnuvikunnar hefur laugardagurinn einnig komið inn í þetta helgarvinnubann. Atvinnurekendur urðu að sjálfsögðu í upphafi mjög andsnúnir þessu helgarvinnubanni verkalýðsfélaganna, en hafa samt allt tíð virt það. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, hafa verkalýðsfélögin ekki getað fengið atvinnurekendur til að taka þetta ákvæði inn í samninga.

Verkakonur í Vestmannaeyjum hafa nú gengið enn lengra og samþykktu á síðastliðnu ári að vinna ekki fiskvinnu um helgar allt árið.

Sjómannafélagið Jötunn samþykkti á félagsfundi fyrir skömmu að láta a.m.k. hluta af félagsmönnum sínum njóta sömu réttinda og annað verkafólk í Vestmannaeyjum hefur fengið fyrir löngu. Viðbrögð útgerðarmanna eru dæmigerð fyrir atvinnurekendur yfirleitt. Haft er í hótunum um lögsókn á félagið og sjómönnum er tjáð það í einu bæjarblaðanna, með yfirlæti, að þeir þrfti ekki að ansa fundarsamþykkt félagsins.

SJÁVARPLÁSSIN ÞRÆLABÚÐIR?

Þær niðurstöður, sem kjararannsóknarnefnd birtir um vinnutímalengd, ná aðeins yfir vinnutíma verkafólks á Reykjavíkursvæðinu og eru ekki dæmigerðar fyrir vinnutímalengd hjá verkafólki úti um land. Víða í sjávarplássum á landsbyggðinni er vinnutími mun lengri og þá sérstaklega í fiskvinnu. Það er mjög algengt að yfir há-athafnatímabilin sé unnið vikum og jafn vel mánuðum saman 12-16 klst á sólarhring. Það skal einnig tekið tillit til þess, að jafnframt þessum langa vinnutíma, vinnur nánast allt þetta fólk eftir afkastahvetjandi launakerfi, sem gerir það að verkum að unnið er á allt að tvöföldum afköstum.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki látið þessi mál nægilega til sín taka, en venjulega þegar minnst er á hina gengdarlausu yfirvinnu, er því svarað með mærðarfullu tali um að við búum nú í veiðimannaþjóðfélagi og aflinn komi í hrotum, þessvegna verði að gera undantekningar og bjarga aflanum undan skemmdum.

En því miður eru þessar "undantekningar" orðnar að reglu, hin gengdarlausa yfirvinna er orðin að vinnuþrælkun og gegn því verða stéttarfélögir að snúast hvert á sínum stað, ef verkalýðshreyfingin í heild ber ekki gæfu til þess.

Það verður aldrei unnt að virkja launafólk í baráttunni fyrir lífvænlegum launum fyrir 8 stunda vinnudag, fyrr en hamlað verður gegn hinni óhóflegu yfirvinnu.

JK

Frá Samtökum herstöðvaandstæðinga

Fremur hljótt hefur verið um starfsemi Samtaka herstöðvaandstæðinga frá því menningardögunum lauk.

Áætluð hafði verið landsganga í júní en vegna veðurs og færðar var henni frestað. Innan skamms verður tekin ákvörðun um það hvort af henni verður.

Fjárhagur samtakanna er bágborinn, skuldir miklar en sjóðurinn rýr. Aðallega tvær leiðir hafa verið valdar til að komast úr skuldunum. Annars vegar fer fram söfnun. Hringt er í stuðningsmenn og áskrifendur Dagfara og þeir beðnir að láta eitthvert fé af hendi rakna. Stéttabaráttan skorar á lesendur að bregða nú skjótt við.

Á 17. júní munu samtökin standa fyrir veitingasölu í Austurstræti og vonast til að herstöðvaandstæðingar versli í tjaldi samtakanna öðrum fremur.

Á döfinni er enn fremur plötuútgáfa meðal annars með efni frá menningardögunum. Gerð plötunnar er nokkuð vel á veg komin og áætlað er að hún komi á markað í haust. Slík útgáfa er hins vegar geysilega dýr og hefur hún einmitt gengið nærri sjóðum samtakanna.



Frá útifundi herstöðvaandstæðinga eftir Straumsvíkurgönguna.



BORG FRELSUÐ Í ERITREU

Sunnudaginn 20. maí var borgin Galouju frelsuð af erítreúska frelsishernum.

23. maí gerði síðan frelsisherinn, sem er grein af erítreúsku frelsishreyfingunni, árás á stöðvar andstæðinganna skammt vestur af borginni Asmara. Stöðvarnar voru mikið skemmdar.

Sama dag gerði herinn árás á tvær vörubílalestir óvinanna um 35 kílómetra suður af Asmara.



Brúða btúðunnnar

SÓSÍALISTAFLOKKUR LAOS GEGN VÍETNAM

Fréttir hafa borist um virka andstöðu gegn ríkisstjórninni í Laos. Tilkynning virðist hafa komið í útvarpi stjórnar Kampútseu, en útvarpsstöðin er í Suður-Kína, og verið í nafni Sósíalistaflokks Laos.

Sósíalistaflokkurinn ásakaði stjórn Laos fyrir að vera víetnamska leppa. Flokkurinn hét einnig kampútseanskri alþýðu stuðningi í baráttunni gegn sameiginlegum óvini. Samkvæmt frétt í blaðinu The Economist er Sósíalistaflokkur Laos þegar farinn að standa fyrir skemmdarverkaaðgerðum í landinu.

DALAI LAMA TIL SOVÉTRÍKJANNA

Dalai Lama fyrrverandi æðstráðanda Tíbets hefur verið boðið í heimsókn til Sovétríkjanna. Hann hefur einnig verið boðinn til að sitja friðarráðstefnu búddista af asíustofni sem innan skamms verður haldin í Ulan Bator í Mongólíu.

Blöð á Indlandi, þar sem Dalai Lama heldur sig, hafa fjallað um þett og komið hefur fram sú skoðun að rússar vilji hindra að Alai Lama snúi aftur til Kína. Einnig er þess getið að rússar muni ætla að nota Dalai til að nota þjóðernisminnihlutahópa í Kína í baráttunni gegn Kína.

Einnig hefur verið bent á að daður rússa við asíubúddista verði að skoða í samhengi við ráðstafanir þeirra til að byggja upp múr andkínverskra ríkisstjórna allt umhverfis Kína.

Nú þegar styðja rússar andkínverskar ríkisstjórnir í Mongólíu, Vítenam, Laos, Kampútseu og Afganistan. Auk þess hafa rússar reynt að ná tangarhaldi á Íran og Indlandi. Gegnum Afganistan hafa þeir einnig haft í hótunum við Pakistan og við Tæland gegnum Kampútseu.

„Friðarsamningar" Sadats og Begins: Glæpur gegn palestínsku þjóðinni

"Friðarsamningar þeir sem Sadat Egyptalandsforseti og Begin forsætisráðherra Ísraels undirrituðu 26. mars síðastliðinn, ásamt Carter Bandaríkjaforseta, í Washington, er ekki annað en enn ein tilraun síonista og bandarísku heimsvaldastefnunnar til að brjóta á bak aftur baráttu palestínsku þjóðarinnar fyrir frelsi og sjálfstæði. Með samningum þessum hefur verið komið á formlegu bandalagi milli síonista og arabísks afturhalds í þeim tilgangi að berjast gegn sívaxandi baráttu framsækinna afla í arabaheiminum.

HERNÁMSSAMNINGAR

Hér á vesturlöndum hafa þeir þremenningarnir Carter, Begin og síaðst en ekki síst Sadat verið rómaðir fyrir friðarvilja sinn, skynsemi og manngæsku. Lengst gekk þetta þegar þeim kumpánum Sadat og Begin voru veitt friðarverðlaun Nóbels á síðasta vetri. Vestrænir fréttaskýrendur hafa heldur lítið gert af því að kryfja til mergjar hvað "friðarsamningarnir" í raun innibera.

Samningar þeirra Sadats og Begin eru ekki friðarsamningar heldur samningar um að treysta hernám Ísraelsmanna á arabísku landi og áhrif heimsvaldastefnunnar í Asíu og Afríku. Samningarnir voru undirritaðir af þeim Sadat og Begin gegn afhendingu fimm biljóna dollara

Ef þeir Carter og Begin óska eftir raunverulegum friði í Mið-Austurlöndum er fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna PLO sem eina löglega fulltrúa palestínsku þjóðarinnar. Þá fyrst væri hægt að fara að ræða um frið. En í stað þess að gera þetta er algerlega gengið fram hjá fulltrúum palestínsku þjóðarinnar og allir hagsmunir hennar og réttindi sniðgengin. Begin hefur ekki einu sinni viljað viðurkenna tilveru palestínumanna sem þjóðar. Og svo er talað um friðarsamninga, hvílíkt öfugmæli.

SJÁLFSTJÓRNARÁÆTLUNIN

Sjálfstjórnaráætlunin er ein af þeim skrautfjöðrum sem Sadat og Begin skreyta hatt sinn með. En hvert er hið raunverulega inntak þessarar áætlunar? Sjálfstjórnaráætlunin er samsæri til þess gert að treysta hernám Ísraelsmanna á Vestur-bakkanum og Gasasvæðinu. Begin sagði það sjálfur opinberlega sama dag og samningarnir voru undirritaðir að sjálfstjórnaráætlunin þýddi alls ekki það að ísraelskur her yrði kallaður til baka né heldur það að landnámi yrði hætt á Vestur-bakkanum og Gasa-svæðinu. Landið verður áfram ísraelskt þó stjórnin verði arabísk, sagði Begin.

Með sjálfstjórnaráætluninni eru réttindi þeirra palestínumanna sem búa í flóttamannabúðum utan Ísrael og herteknu svæðanna einskis virt og á þessar tvær miljónir manna er ekki minnst einu orði í "friðarsamningunum".

"Friðarsamningarnir bera með sér aukna hervæðingu Ísraels og Egyptalands (hergögn




Hafnarborgin Tyrus er illa leikin eftir sprengjuárásir Ísraelsmanna. 60% íbúanna hafa flúið norður á bóginn. Myndirnar sem teknar eru 25. apríl stuttu eftir að árásunum linnti sýna sundurtætt íbúðarhús (1-2), hvernig umhorfs er á götum borgarinnar (3-4) og rústir veitingahúss (5).

er hluti af því sem USA borgar fyrir samninginn, auk fimm biljónanna), áframhaldandi landnám síonista á herteknu svæðunum og aukna kúgun, kynþáttamisrétti og útþenslustefnu frá hendi Ísrael.

AUKIN ÚTÞENSLUSTEFNA

Um það leyti sem undirritun "friðarsamninganna" fór fram í Washington hófu Ísraelsmenn miklar árásir á Suður- og Norður-Líbanon. Stórskotaliði fallbyssubátum og flugvélum var beint gegn skotmörkum sem sögð voru herstöðvar palestínumanna. Í reynd var hins vegar um að ræða árásir á óvopnaðan almenning í borgum, bæjum og flóttamannabúðum. Einnig áttu sér stað árásir á stöðvar Sameinuðu þjóðanna í Suður-Líbanon. Þessar árásir voru nær stöðugar frá í lok apríl en þá varð stutt hlé á árásunum. Eins og fyrri daginn var tilgangurinn sagður að vinna bug á skæruliðum palestínumanna sem höfðu mjög aukið starfsemi sína innan Ísrael er nær dró undirritun "friðarsamninganna" Hinn eiginlegi tilgangur þessara árása er hins vegar sá að undirbyggja jarðveginn fyrir nýja innrás ísraelshers í Líbanon. Tugir þúsunda manna hafa flúið Suður-Líbanon og það er einmitt tilgangurinn. Ísraelsmenn kæra sig ekkert um að þau landsvæði sem þeir hernema séu full af fólki. Þeir vilja "óbyggð" landsvæði fyrir eigið landnám.

Tugir óbreyttra borgara hafa verið drepnir og hundruðir særst frá undirritun "friðarsamninganna". Hér er fyrst og fremst um að ræða konur og börn. Það ætti því að vera öllum ljóst að framundan er ekki friður heldur stóraukin átök og fórnir mannslífa. Allt þetta er aðeins hægt að skrifa á reikning þeirra Sadats, Begins og Carters, sem með "friðarsamningum" sínum hafa enn á ný undirstrikað heimsvaldasinnuð áform sín, virðingarleysi fyrir réttindum palestínsku þjóðarinnar og arabískrar alþýðu í heild.





SOVÉTMENN VERSLA VIÐ RÓDESÍU

Komið hefur á daginn að rússar hafa um langt skeið átt viðskipti við minnihlutastjórn Ian Smiths í Ródesíu í blóra við þá afstöðu annarra ríkja að setja Ródesíu í viðskiptabann. Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var á vegum nefndar hjá Sameinuðu þjóðunum. Viðskiptin voru gerð gegnum leppfyrirtæki í Sviss.

Rússar hafa einkum verið á höttunum eftir tóbaki og krómi. Viðskipti þeirra við stjórn Ian Smiths hafa verið mjög mikil og á sama tíma hafa þeir selt skæruliðahreyfingunni vopn.

Í skýrslunni er vitnað í skipstjóra á rússnesku kaupskipi sem sagði að Sovétmenn hefðu einungis áhuga á viðskiptum.

Útflutningur rússa til Ródesíu hefur verið gegnum hafnir í Mósambik og í seinni tíð einnig hafnir í Suður-Afríku. Þar er einnig sagt að þessi viðskipti hafi staðið yfir í að minnsta kosti átta ár.

Mikið af króminu hafa rússar selt til Bandaríkjanna með miklum hagnaði.

MÓTMÆLI GEGN SOVÉT Í TÉKKÓSLÓVAKÍU

Neðanjarðarnefnd stúdenta við háskólann í Prag gaf nýlega út fjölritað dreifirit þar sem þess er krafist að sovéski herinn sé sendur heim frá Tékkóslóvakíu og samningnum um sovéskar herstöðvar þar sagt upp.

Þetta sýnir okkur greinilega að um er að ræða andstöðu í Tékkóslóvakíu þótt hún fari ekki hátt. Enda á andstaðan óhægt um vik í því lögregluríki sem sovésku lepparnir hafa komið á fót. Á næstunni mun einmitt birtast í STB grein um pólitíska fanga í Tékkóslóvakíu.

SAMEINING KENNARASAMTA SAMTAKA framhald af forsíðu

aðild sem kenni á viðkomandi skólastigum. Um þetta mál náðist ágætis málamiðlun sem allir geta vel við unað.

Á þinginu var jafnframt lögum LSFK breytt og nafni þess. Heitir það nú Landssamband grunnskóla- og framhaldsskólakennara, LGF.

Með þessum þingsamþykktum er merkum áfanga náð í sameiningu kennara í ein samtök. Þessi tvö kennarasamtök hafa haft nákvæmlega sömu hagsmuni og þess vegna hlýtur það að vera hagur allra að úr þessu verði eitt félag.

Þegar sameiningin verður formlega um garð gengin í júní 1980 verða aðeins til tvö kennarasambönd í stað fjögurra. Fyrr í vetur voru félög háskólamenntaðara kennara sameinuð í Hið íslenska kennarasamband.

Næsta skrefið hlýtur að vera að reka smiðshöggið á verkið með sameiningu allra kennara í ein samtök.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR. 5000.-
BARÁTTU ÁSKRIFT : KR. 7000.-
TIL ÚTLANDA : KR. 13000.-
TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR. 500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
23. tbl. 8. árg. 12.6.1979



STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Nýársheit ríkisstjórnarinnar svikið!

Öllum er í fersku minni þegar ráðherrarnir lýstu því yfir að áfengi og tóbak hækkaði ekki á þessu ári. Ástæðan var sú að vegna hinna gífurlegu hækkana þessara vörutegunda síðastliðið ár fór að bera á minni sölu.

Nýársheit ríkisstjórnarinnar var gefið af svo mikilli alvöru að ekki var gert ráð fyrir því í fjárlögum þessa árs að áfengi og tóbak hækkaði.

Ríkisstjórnin er fyrir löngu búin að svíkja öll fallegu kosningaloforðin og nú er komið að nýársheitinu að fara sömu leið.



Loforð gefin af gefnu tilefni.

Úr Fréttabréfi verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum

Yfirvinna - vinnuþrælkun

Þegar talið berst að yfirvinnu vaknar oft sú spurning, hvers vegna yfirvinna er svo stór þáttur í tekjuöflun launafólks á Íslandi, sem raun ber vitni. En til að halda upp svipuðum lífsháttum og t.d. frændur okkar á norðurlöndum, þarf verkafólk hér að vinna 10-12 stundir á dag, alla daga jafnt.

Í flestum nágrannalöndum okkar er það ýmist ákveðið með löggjöf eða samningum, hve margar yfirvinnustundir hver verkamaður má vinna á ári og liggja viðurlög við ef út af er brugðið.

Hér á landi er lögum um öryggisráðstafanir sennilega það eina, sem finna má í löggjöf um þessi mál, en þar segir: "Vinnu skal þannig hagað að sérhver verkamaður geti notið hvíldar frá vinnu sinni er eigi sér skemmri en 8 klst á sólarhring." En svo virðast lagasmiðirnir hafa fengið eftirþanka, því að í næstu máls grein segir: "Ákvæði 1. mlgr. þessarar greinar ná þó ekki til:

1. Hverskonar björgunarstarfa
2. Björgunar hverskonar fram leiðslu frá skemmdum.
3. Annarskonar vinnu, sem ráðherra í samráði við öryggismálastjóra kann að tiltaka í reglugerð.

Þegar undantakningarákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar eru í gildi, skal haga vinnu þannig, að verkamenn geti notið lágmarks hvíldartíma á þrem sólarhringum."

Lengra virðist vinnuvernd á þessu sviði ekki ná í löggjöf okkar.

HVAÐ GERIR VERKALÝÐSHREYFINGIN

Verkalýðshreyfingin hefur ýmislegt reynt til að hamla gegn gengdarlausri yfirvinnu. Í samningum Verkamannasambands Íslands eru ákvæði, sem hamla eiga gegn óhóflegri vinnu þrælkun og felst í því, að fái verkamaður ekki tilskilinn lágmarks hvíldartíma á hverjum sólarhring, skuli hann fá nætur vinnukaup á dagvinnutímabili og auk þess dagvinnukaup til viðbótar, hafi hann unnið 3 mánuði eða lengur hjá sama atvinnu rekanda. En þetta ákvæði samninga virðist síður en svo vera nokkur hemill á lengd vinnudags verkafólks í fiskvinnu.

Fyrir 16 árum samþykktu verkalýðsfélögin í Vestmannaeyjum að banna helgarvinnu

Konur í listum

Í vetur hafa Rauðsokkahreyfingin og Suðurgötu 7 - samtökin unnið saman að kynningu á list kvenna. Árangur þessa samstarfs er nú óðum að líta dagsins ljós. Þetta framtak og önnur slík eru þarft innlegg í baráttuna fyrir jafnrétti kynjanna. Í þeim verkum sem konur vinna endurspeglast kjör þeirra og oft óskir og þarfir: Listakonur þurfa eins og flestar aðrar konur að sinna húsverkum og barnauppeldi auk listsköpunar. Það gerir þeim erfitt um vik að þróa list sína í sama mæli og karlar. Því er eðlilegt að margar þeirra fjalla um misrétti kynjanna og baráttuna gegn því í verkum sínum.

Sýningar og bókmenntir.

Af samstarfinu sem getið um var áður er það að segja að þegar hafa verið haldnar tvær myndlistasýningar og bókmenntakynning . Þær Mary Beth Edelson og Edda Jónsdóttir hafa sýnt í Gallerí Suðurgötu 7. Bókmenntakynningin var haldin í Norræna húsinu þ. 7. þessa mánaðar. Voru þar kynnt verk eins besta nútímarithöfundar okkar, Jakobínu Sigurðardóttur. Dagskráin gaf góða mynd af viðfangsefnum Jakobínu, þ.e. auðvaldsþjóðfélaginu eins og það raunverulega er. Í verkum sínum grípur Jakobína á mörgu t.d. ásælni heimsvaldasinnanna og alþjóðlegs auðvalds á Íslandi, firringu verkalýðsins og vonlaust lífsgæðakapphlaup hans og síðast en ekki síst kúgun konunnar.

Öllu þessu og fleiru þó tekst henni að lýsa af mikilli list. Það var mjög ánægjulegt að verk Jakobínu skyldu hljóta þessa kynningu því þau eiga erindi til alls hugsandi fólks. Dagskráin var vel heppnuð í alla staði og fjölsótt.

Nú nýverið var opnuð samsýning nokkurra myndlistarkvenna í Ásmundarsal. Flestar þeirra sem þar sýna eru af yngri kynslóðinni og hafa margar ekki sýnt oft áður. Þarna kennir ýmissa grasa bæði í vinnubrögðum og viðfangsefnum og er sýningin því mjög fjölbreytt þó hun sé ekki stór. Í Ásmundarsal er opið frá kl. 5-10 virka daga og 2-10 um helgar. Lesendur ættu tvímælalaust að drífa sig þangað og sjá skemmtilega sýningu, því sjón er sögu ríkari.

Í bígerð er að Feminist Improvising Group komi hingað til lands í annað sinn. Greinarhöfundi er ekki nákvæmlega ljóst hvar og hvenær þær munu koma fram. Er lesendum því ráðlagt að hafa augun hjá sér svo auglýsingar tónleika þeirra fari ekki fram hjá þeim.

Einnig hefur verið rætt um að hafa kvikmyndakynningu, en það mál er ekki komið í höfn.

framhald síðu 2

Hin alræmdu samtök kynþáttahatara, Ku Klux Klan, dafna enn vel í "Guðs eigin ríki". Þau hafa nú lýst kommúnista vera sinn hættulegasta óvin, en ennþá eru þau þekktust fyrir hryðjuverk gagnvart svertingjum.

Nýlega réðust þau á þátttakendur á útifundi í Alabamaríki í Bandaríkjunum. Einn svertingi og tveir Klan-menn særðust. Myndin sýnir hver hlutur lögreglunnar var í átökunum.



Dagvistunarmál

Aðstandendur söfnunarinnar "Næg og góð dagvistarheimili fyrir öll börn" með undirskriftarlistana. Alls söfnuðust hátt í 10.000 undirskriftir. Listar þessir hafa nú verið afhentir borgarstjórn. Fjölgun dagvistarheimila hefur verið kosningaloforð margra undangenginna ára og vonandi rekur þessi aðgerð á eftir efndunum.



Áskrift

Ég undirrit aður/uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík